

Skýrsla tilnefningarnefndar
Nova klúbbsins hf.
vegna aðalfundar 29. mars 2023

Inngangur

Tilnefningarnefnd Nova klúbbsins hf. (hér eftir nefnt „Nova“) var sett á laggirnar með ákvörðun hluthafafundar sem fór fram 2. nóvember 2022. Markmið með skipun tilnefningarnefndar er að koma á skýru og gagnsæju ferli er varðar tilnefningu stjórnarmanna á aðalfundi félagsins og þannig skapa hluthöfum forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku.

Hlutverk nefndarinnar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu og tryggja að samsetning stjórnar sé í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins. Nefndin skal gæta þess að stjórnin beri með sér nægilega fjölbreytni í reynslu og hæfni til að mynda sterka heild. Nánari upplýsingar um hlutverk nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar sem nálgast má á vefsíðu félagsins, <https://www.nova.is/fjarfestar>

Skipan tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum sem kjörnir eru á aðalfundi félagsins. Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar skal meirihluti nefndarmanna vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og að lágmarki einn nefndarmaður skal vera óháður stærstu hluthöfum. Leyfilegt er að skipa einn stjórnarmann félagsins í nefndina en sá hinn sami getur ekki gegnt formennsku í nefndinni.

Á hluthafafundi Nova, sem fór fram 2. nóvember 2022 voru eftirtaldir nefndarmenn kjörnir í tilnefningarnefndina:

- Thelma Kristín Kvaran
- Eypór Ívar Jónsson
- Jón Óttar Birgisson

Formaður nefndarinnar er Thelma Kristín Kvaran og ritari nefndarinnar er Ásta Guðjónsdóttir, yfirlögfræðingur Nova. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu, stjórnendum þess og stórum hluthöfum félagsins, en Jón Óttar situr í stjórn félagsins.

Starfsemi tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd fundaði sjö sinnum á tímabilinu frá skipan nefndarinnar í nóvember 2022 til 20. febrúar 2023 og starfaði samkvæmt fyrrnefndum starfsreglum. Á fyrsta fundi nefndarinnar voru gerð drög að starfsáætlun og tímasetningar funda og aðgerða bókaðar.

Nefndarmenn funduðu með öllum sitjandi stjórnarmönnum félagsins auk forstjóra, á tímabilinu 14.-19. desember 2022. Á fundunum var stuðst við staðlaðan viðtalsramma og var markmiðið að fá upplýsingar um störf stjórnar, mat þeirra á stöðu og stefnu Nova, auk upplýsinga um rekstur félagsins, helstu verkefni og áskoranir. Þær upplýsingar sem fengust á fundum með

stjórnarmönnum voru notaðar til að leggja mat á hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna auk frammistöðu og framlags þeirra inn í stjórnarstarfið. Tilnefningarnefndin hafði einnig til hliðsjónar árangursmat stjórnar sem lagt var fyrir stjórnarmenn í desember 2022.

Líkindi voru með niðurstöðum árangursmats stjórnar og þess sem fram kom í viðtölum við einstaka stjórnarmenn. Stjórnin sem heild er með mismunandi bakgrunn og hafa öll töluverða reynslu af rekstri, stjórnun og stjórnarháttum. Lagt var upp með að efla hæfni og þekkingu í stjórn, t.a.m. á fjarskiptum, tækni, markaðsmálum og nýsköpun. Enn fremur var lögð áhersla á að taka tillit til þess að eignarhald félagsins hefur breyst og fyrirtækið verið skráð á hlutabréfamarkað.

Tilnefningarnefnd sendi þann 16. janúar sl. bréf í tölvupósti til 20 stærstu hluthafa félagsins. Hluthöfum var boðið að hitta nefndina til að ræða m.a. reynslu sína af störfum stjórnar, hvort þeir hefðu í huga að tilnefna einstaklinga í stjórn og einnig var rætt um störf tilnefningarnefndarinnar. Þeim var jafnframt boðið upp á að ræða önnur þau mál sem þeir kynnu að hafa áhuga á að ræða. Fulltrúar átta hluthafa þáðu boðið og var fundað með þeim á tímabilinu 6.-23. janúar. Samtöl við hluthafa reyndust gagnleg fyrir nefndarmenn en þar komu fram athugasemdir þeirra um samsetningu stjórnar Nova og væntingar þeirra um störf tilnefningarnefndar.

Þann 10. janúar 2023 var auglýsing birt á fréttavef Kauphallar Íslands þar sem tilnefningarnefnd auglýsti eftir framboðum til stjórnar. Frestur til að senda inn framboð, til að eiga möguleika á að fá umfjöllun tilnefningarnefndar, var til 17. janúar 2023. Frambjóðendum var heitið trúnaði. Í auglýsingu kom fram að sérstaklega væri horft til reynslu á eftirfarandi sviðum:

- Fjarskipti
- Tækni
- Markaðsmál
- Nýsköpun
- Stjórnarhættir

Við mat á framboðum til stjórnar var lögð áhersla á að fá inn einstaklinga með hæfni á ofangreindum sviðum, sem tilnefningarnefnd hafði metið að vantaði inn í stjórn félagsins. Einnig var lögð áhersla á að mynda sterkt teymi stjórnar í þágu Nova og hluthafa. Horft var til ofangreindra þátta auk annarra þátta, s.s. að meirihluti stjórnarmanna sé óháður félaginu, að stjórnin sé með fjölbreyttan bakgrunn í menntun, reynslu og aldri og að ákvæði hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórn séu uppfyllt. Auk þess var lögð áhersla á að viðhalda ákveðnum stöðugleika, þ.e. að ekki yrðu of miklar breytingar á stjórn. Tilnefningarnefnd mat það þó æskilegt að tveir nýir stjórnarmenn yrðu tilnefndir í stjórn til að tryggja þann fjölbreytileika sem áður hefur verið minnst á. Var því horft til þess við mat á framboðum.

Framboð til stjórnar

Alls bárust 44 framboð til tilnefningarnefndar Nova. Eftir yfirferð á þeim framboðum sem bárust var ákveðið að bjóða níu frambjóðendum, sem ekki áttu sæti í stjórn, í viðtöl til nefndarinnar. Viðtölin fóru fram á tímabilinu 25. janúar til 10. febrúar 2023. Í þeim viðtölum var farið yfir reynslu þeirra, menntun og þekkingu og rök þeirra fyrir framboði sínu til stjórnar.

Niðurstaða tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd er einhuga í niðurstöðu sinni og leggur til við hluthafa að í stjórn Nova verði kosin Hrund Rudolfsdóttir, Hugh Short, Jóhannes Þorsteinsson, Jón Óttar Birgisson og Sigríður Olgeirsdóttir.

Meðfylgjandi er stutt samantekt á náms- og starfsferli ofangreindra einstaklinga sem nefndin gerir tillögu um að skipi stjórn Nova frá aðalfundi 29. mars 2023.

Hrund Rudolfsdóttir

Hrund Rudolfsdóttir er forstjóri Veritas síðan 2013. Hún var framkvæmdastjóri starfsþróunar hjá Marel Food Systems Corporate frá 2009-2013 og gegndi starfi framkvæmdastjóra rekstrar- og fjárfestingarverkefna hjá Milestone ehf./Moderna Finance ehf. frá 2007-2009. Þar áður var hún framkvæmdastjóri L&H eignarhaldsfélags, 2003-2007, og framkvæmdastjóri Lyfja & heilsu hf. 2003-2006. Hrund situr í stjórn og framkvæmdastjórn Viðskiptaráðs Íslands og er stjórnarformaður Artasan ehf., Distica hf., MEDOR ehf., Stoð ehf., og Vistor hf. ásamt því að vera stjórnarmaður í Nova. Hún er með M.Sc. gráðu í alþjóðaviðskiptum frá Copenhagen Business School, Cand.Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, ásamt því að hafa lokið Advanced Management Program (AMP) frá IESE Business School.

Hugh Short

Hugh Short er meðstofnandi, stjórnarformaður og forstjóri Pt Capital, fyrsta einkafjárfestafyrirtækis Alaska með áherslu á fjárfestingar í fyrirtækjum á norðurslóðum. Fyrirtækið hefur fjárfest samanlagt yfir USD 360 milljónum í ýmsum atvinnugreinum, m.a. fjarskiptum, flugi, ferðaþjónustu og iðnaði. Pt Capital er með einkafjárfestingar í Alaska og á Norðurlöndum og er meðal stærstu erlendra fjárfesta á einkamarkaði á Íslandi. Hugh leiðir eignasöfnun, skipulagsvöxt, fjáröflun og útrás á nýja markaði. Hann hefur stýrt fjárfestingum á norðurslóðum fyrir yfir USD 1 milljarð á ferli sínum.

Áður en Hugh stofnaði Pt Capital var hann forseti og forstjóri Alaska Growth Capital BIDCO, Inc., dótturfélags Arctic Slope Regional Corporation. Hugh starfaði einnig sem borgarstjóri Bethel, Alaska frá 2002 til 2004, og er stjórnarmaður fyrir Rural Energy Enterprises. Hugh er hluthafi fjögurra Alaska Native Corporations, með arfleifð sem Inupiaq frá vesturhluta Alaska. Hugh er með BS gráðu í stjórnmálafræði frá University of Alaska Anchorage og stundaði nám við Pepperdine Graziadio School of Business.

Jóhannes Þorsteinsson

Jóhannes Þorsteinsson hefur nærri tveggja áratuga reynslu á markaði fjarskiptafyrirtækja, í fyrirtækjaráðgjöf og fjárfestingarbankastarfsemi og nú síðast sem stjórnandi hjá T-Mobile, sem er leiðandi fjarskiptafyrirtæki á heimsvísu.

Jóhannes starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Deutsche Bank í 13 ár við að ráðleggja og framkvæma fjármögnun og samruna fjarskiptafyrirtækja í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Hann hefur umfangsmikla reynslu af stefnumótun fyrirtækja á fjarskiptamarkaði. Hjá Deutsche bank ráðlagði hann mörgum af stærstu fjarskiptafyrirtækjum heims (t.d. T-Mobile, SoftBank, Verizon, Deutsche Telekom og Charter) og fjárfestingarsjóðum (t.d. Carlyle, Apollo, Blackstone, EQT) í umsvifamiklum verkefnum. Jóhannes starfar í dag sem yfirmaður fjárstýringar T-Mobile (Senior Vice President & Treasurer), þar sem hann ber ábyrgð á allri fjármögnun fyrirtækisins, fjármögnun fjárfestinga, tryggingum, áhættustýringu og greiðslumiðlun verslana félagsins. T-Mobile er í dag verðmætasta fjarskiptafyrirtæki í heimi, með markaðsverðmæti hluta sem nemur yfir USD 180 milljarða. Reynsla Jóhannesar nær bæði til strategískra ákvarðana og taktískra útfærslna á flestu sem viðkemur rekstri fjarskiptafyrirtækja, og nú á síðustu árum sem yfirmaður fjárstýringar.

Jón Óttar Birgisson

Jón Óttar hefur 20 ára reynslu af rekstri fyrirtækja og úr fjármálakerfinu. Jón Óttar er stofnandi og framkvæmdastjóri Stöpla Advisory ehf. frá 2015, sem sérhæfir sig í fyrirtækjaráðgjöf, aðstoð við fjármögnun og kaup og sölu fyrirtækja. Áður starfaði hann sem forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar hjá MP banka og framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar hjá Saga Capital. Það áður gegndi Jón Óttar framkvæmdastjórastöðum hjá Strax í Bretlandi og Hong Kong, en Strax er fyrirtæki á fjarskiptamarkaði, sem m.a. framleiðir, selur og dreifir farsíma aukahlutum og tengdum búnaði til allra stærstu fjarskiptafyrirtækja í heiminum og er skráð í sænsku kauphöllinni. Jón Óttar situr eða hefur setið í fjölda stjórna, m.a. Nova, Lyfju, Men & Mice, Stefnis, MF1, Leigufélags aldraðra og Billboard. Jón Óttar er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Sigríður Olgeirsdóttir

Sigríður Olgeirsdóttir er reyndur stjórnandi og stjórnarmaður í íslensku atvinnulífi. Hún hefur víðtæka stjórnunarreynslu á sviði upplýsingatækni. Sigríður var sviðsstjóri hjá Völku ehf. frá 2019-2021 og framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka 2010-2019. Áður var hún m.a. stofnandi og framkvæmdastjóri Ax Business Intelligence í Danmörku, framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss, forstjóri Humac (Apple umboðið á Íslandi auk 4 dótturfélaga á Norðurlöndunum) og framkvæmdastjóri hjá Skiptum og Tæknival. Hún býr yfir

góðri þekkingu á íslensku atvinnulífi og hefur leitt fjárfestingar í rekstri s.s. í tækni-, fjármála- og framleiðslufyrirtækjum sem starfa í hátækni og alþjóðlegum viðskiptum. Sigríður hefur setjið í stjórn um upplýsingatæknifyrirtækja hérlendis og á Norðurlöndum og situr í stjórn Haga, Íslandshótela, Opinna kerfa og er varamaður í bankaráði Landsbankans. Auk þess er hún í tilnefningarnefnd Sjóvá.

Sigríður lauk MBA frá Háskólanum í Reykjavík og stjórnunarnámi (AMP) frá Harvard Business School í Boston. Þá hefur hún lokið námskeiði hjá Háskólanum í Reykjavík um ábyrgð og hlutverk í stjórn. Sigríður lauk námi í kerfisfræði frá EDB-skólanum í Danmörku og prófi í rekstrar- og viðskiptafræði frá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Samantekt og rökstuðningur

Í samtölum við forstjóra Nova og stjórnarmenn kom fram að ástæða væri til að efla ákveðna hæfni í stjórn félagsins. Er það mat tilnefningarnefndar að ofangreindur hópur hafi þá þekkingu og reynslu, lykilhæfni og eiginleika sem leitast var eftir og muni mynda sterka og faglega heild. Öll búa þau yfir viðtækri reynslu af rekstri fyrirtækja, stjórnasetu og sem stjórnendur bæði hérlendis og erlendis. Það er mat nefndarinnar að með breyttri samsetningu verði eflid sú þekking sem leitast var eftir um nýsköpun, tækni og á fjarskiptamarkaði, ásamt því að eflid verði reynsla og þekking á hlutverki stjórna í skráðum félögum. Það er mat nefndarinnar að hópurinn sé líklegur til að starfa vel saman og viðhalda öflugum og árangursríku stjórnarstarfi.

Með tillögu sinni telur nefndin að stjórn félagsins verði skipuð hæfum einstaklingum með fjölbreytta reynslu. Þau hafa starfað í ýmsum geirum atvinnulífsins og hafa sýnt einlægan áhuga á að skila árangursríku starfi hluthöfum félagsins til hagsbóta.

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Thelma Kristín Kvaran, formaður

Eypór Ívar Jónsson

Jón Óttar Birgisson